

Nr. 23.
22.
maí.

Lög

um

tollgreiðslu.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverzlunar, getur kaupmaður sá, sem tolli á að svara, komizt hjá að greiða meira en helming af hinum ákveðna tolli þá þegar, með því að fá lögreglustjóra í hendur öll umráð yfir vörum þeim, sem frestað er að greiða toll af. Vörur þessar eru veð fyrir eptirstöðvum tollsins, og skal kaupmaður geyma þær í sinni ábyrgð á þann hátt, er lögreglustjóri álitur fulltryggjandi, og má kaupandi hvorki taka þær til afnota eða útsölu, nje farga þeim á annan hátt.

2. gr.

Nú vill kaupmaður fá umráð yfir vörum þeim, sem að veði eru, og getur hann þá krafizt, að lögreglustjóri afhendi sjer þær til fullra umráða, en jafnframt er hann skyldur til að greiða að fullu eptirstöðvar tollsins. Ef lögreglustjóri þarf að takast ferð á hendur til að taka við umráðum yfir vörum samkvæmt 1. gr., eða til að afhenda vörur þær, sem að veði eru, skal kaupmaður greiða honum ferðakostnað eptir reikningi.

3. gr.

Aldrei má líða meira en 3 mánuðir frá því, að vörur flytjast til verzlunar, þangað til tollinum af þeim er að fullu lokið.

4. gr.

Ef kaupmaður verður uppvis að því, að hafa tekið eitthvað af vörum þeim, sem að veði eru, án leyfis lögreglustjóra, skal hann gjalda þar af þrefaldan toll, og auk þess

Lov

angaaende

Nr. 23.
22de
Maj.

Berigtigelse af Toldafgifter.

Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark, de Wendes og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Sjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar toldpligtige Varer indføres til en fast Handel, kan vedkommende Kjøbmand, der skal erlægge Tolden, undgaa strax paa Stedet at betale mere end Halvdelen af den lovbestemte Told, naar han til Politimesteren overgiver Raadigheden over de Varer, for hvis Vedkommende der gives Henstand med Toldens Betaling. Disse Varer, der hæfte for den resterende Told, har vedkommende Kjøbmand at forvare paa eget Ansvar og paa en Maade, som af Politimesteren findes betryggende, idet han hverken maa tage dem til eget Brug eller Udsalg eller paa anden Maade disponere over dem.

§ 2.

Bil en Kjøbmand erholde Raadighed over de baandlagte Varer, kan han, naar han samtidig fuldtud betaler den resterende Told, fordrø, at Politimesteren overgiver ham Varerne til fuld Raadighed. Saafremt Politimesteren maa foretage en Rejse for at overtage den i § 1 omhandlede Raadighed over Varer eller for at udlevere de baandlagte Varer, skulle Rejsens Omkostninger godtgjøres ham af vedkommende Kjøbmand efter Regning.

§ 3.

Mere end 3 Maanedø maa aldrig hengaa fra Indførelsen af Varer til en Handel, indtil Tolden deraf fuldtud er betalt.

§ 4.

Findes nogen Kjøbmand at have, uden vedkommende Politimesters Tilladelse, taget Noget af de baandlagte Varer, skal han deraf betale tredobbelt Told samt erlægge en Bøde

Nr. 23. sæta allt að 100 kr. sekt, er renni í landssjóð. Svo skal hann og hafa fyrirgjört rjetti
 22. sínum til frests á tollgreiðslu framvegis.
 maí.

5. gr.

Lögreglustjóri heldur bók yfir allar aðfluttar vörur, þær er tollskyldar eru, og skal rita þar í nákvæma skýrslu um greiðslu tollsins af hendi þeirra, er honum eiga að svara, svo og um vörur, sem að veði eru fyrir tolli, og aptur leystar úr veðbandi. Bók þá löggildir amtmaður.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. maí 1890.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

af indtil 100 Kr., der tilfalder Landskassen. Endelig skal han have sin Ret til Genstand Nr. 23. med Betaling af Told for Fremtiden forbrudt.

22de
Maj.

§ 5.

Politimesteren fører en Protokol over alle indførte toldpligtige Varer, hvori der indføres en nøjagtig Forklaring om rette Vedkommendes Berigtigelse af Tolden samt om de baandlagte Varer og disses Løsning af Behæftelsen. Protokollen autoriseres af vedkommende Amtmand.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22de Maj 1890.

Under Vor kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.